

Sorpstöð Rangárvallasýslu bs.

FUNDARGERÐ

193. stjórnarfundur Sorpstöðvar Rangárvallasýslu bs. haldinn í Félagsheimilinu Hvoli, miðvikudaginn 10. janúar 2018 kl. 15:00.

Mætt: Ágúst Ingi Ólafsson, Egill Sigurðsson, Sigfús Davíðsson, Nanna Jónsdóttir, Ísólfur Gylfi Pálmason, Ómar Sigurðsson, Bergur Guðgeirsson, Brynjólfur Wium, Eirkíkur Vilhelm Sigurðarson, Bjarni J Matthíasson, Árný Lára Karvelsdóttir og Guðmundur Einarsson sem ritaði fundargerð.

Ágúst Ingi Ólafsson setti fund og stjórnaði honum.

Þetta gerðist:

1. Gjaldskrá Sorpstöðvar Rangárvallasýslu bs. 2018 lögð fram.
Gjaldskráin var samþykkt samhljóða.
2. Umræður fóru fram um hvernig sorphirðan fer af stað hjá Sorpstöðinni.
3. Starfsmannahald við sorphirðu.
Fram kom að ráða þarf aðstoðarmenn fyrir bílstjóra.
4. Verklagsreglur bílstjóra ef t.d. ófært er, ekki mokað frá tunnum og annað sem huga þarf að við sorphirðuna.
Rætt um að senda þeim aðilum áminningar, sem ekki eru með aðkomuleið að sorphirðustað í lagi.
5. Gámar og gá mavellir. Rætt um umgengni á gá mavöllum.
Fram kom m.a. að flokkun í gáma er ábótavant. Ákveðið að setja um merkingar fyrir gáma á gá mavöllum.
6. Undirbúningur og dreifing tunnunnar með græna lokinu fyrir plast.
Dreifing er hafin og stefnt að því að ljúka henni á næstunni.
7. Yfirlit um fjárhagsstöðuna.
Lagt fram til kynningar.
8. Eftirlitsskýrsla Umhverfisstofnunar 07.12.2017.
Lagt fram til kynningar.

BG

RW
EVS.

→

SD

EB

OS

Phk
Kjó

9. Önnur mál.

a) Ákvörðun um rekstrarframlög til Sorpstöðvarinnar 2018.

Ákveðið að rekstrarframlög 2018 verði kr 21,7 milljónir, sem skiptist á sveitarfélgin eftir íbúafjölda.

b) Sorpdagatal.

Dagatalið er tilbúið og komið á heimasíður sveitarfélaganna.

c) Tilboð í þak á móttökuhúsi.

Borist hefur tilboð í þak á móttökuhúsi að fjárhæð kr. 1.456.000,- Ákveðið að ræða við tilboðsgjafa um hvort hann sé tilbúinn að lækka tilboðið.

d) Vara sorphirðubíll.

Ákveðið að leita eftir bíl til þessara nota.

e) Urðun – botnþétting vegna grófs úrgangs ?

Ákveðið að kanna hvað slík þétting muni kosta.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl: 16,35

A. Þorjónsson *Stjórnendur*
Egva Eggvad
Ólafur
Siglús
María
Einar Már Sindr
Janis HARRA KARVELSD.
Bergur Guðjónsson
Bláa